

### 3. Fundur Fagráðs umhverfismála - SSNE Teams fundur, 17. 11. 2022

Mætt voru: Guðmundur Sigurðarson, Rut Jónsdóttir, Ottó Elíasson (formaður), Áki Guðmundsson og Smári Jónas Lúðvíksson starfsmaður SSNE. Árdís H. Jónsdóttir sem boðuð var sem varamaður fyrir Salbjörgu Matthíasdóttur boðaði forföll.

#### 1. Kynning á spretthópavinnu SSNE í umhverfismálum. Kristín Helga Schiöth verkefnastjóri kynnir vinnuna.

Kristín Helga Schiöth, verkefnastjóri spretthópavinnu í umhverfismálum kom á fundinn og hélt kynningu um starfið og verkefni sín. Kristín ræddi skipulag vinnunar og reifaði aðgerðir sem komið hafa upp í spretthópunum. Vinna hópanna er mislangt á veg komin, en meirihluti þeirra er byrjaður að funda. Hugmyndin er að hóparnir komi auga á aðgerðir í umhverfis- og loftslagsmálum sem henta á starfsvæði SSNE og forgangsraði þeim eftir mikilvægi og áhrifum. Vonast er til þess að nokkur tími verði til þess að hleypa aðgerðum af stað. Fagráðið leggur fram eftirfarandi ályktun í samhengi við þennan fundarlið.

*Ályktun fagráðs umhverfismála SSNE um spretthópavinnu umhverfismála í tengslum við fund 17. nóvember 2022*

Tillagan um stofnun spretthópana kom upp á síðasta fundi fagráðs umhverfismála þann 23. júní s.l., og var lögð fram sem ályktun. Stjórn SSNE tók hana uppá sína arma og hugmyndin var útfærð nánar innan SSNE og stjórnar. Fagráðið fagnar þessari vinnu. Með aðgerðatillögum spretthópa er kominn þéttur grundvöllur til að byggja á, svo landshlutinn geti lagt af mörkum svo Ísland nái markmiðum sínum í loftslagsmálum um 55% samdrátt í gróðurhúsalofttegundum fyrir 2030, og jarðefnaeldsleytislaust Ísland og kolefnishlutleysi 2040. *Brýnt er að þeim aðgerðum sem spretthóparnir leggja til verði fylgt eftir á grundvelli SSNE með stuðningi sveitarfélaganna á svæðinu.* Mikilvægt er að sveitarfélögum verði hjálpað að innleiða þær aðgerðir sem að þeim snúa, en jafnframt er nausynlegt að sveitarfélögin sjálf taki virkan þátt í þeirri vinnu svo árangur náist.

#### 2. Kynning á Líforkuveri

Tilgangur þessa liðs var að fagráðið myndi ræða kynningu sem haldin var á hagkvæmniúttekt um Líforkuver í Hofi þann 1. nóvember síðastliðinn. Kynningunni var líka streymt á YouTube ([https://youtu.be/CoXy\\_PzR2PY](https://youtu.be/CoXy_PzR2PY)). Allir fagráðsmeðlimir höfðu ýmist mætt á kynninguna eða horft á hana gegnum vefinn.

*Ályktun fagráðs umhverfismála SSNE um kynningu á Líforkuveri, í tengslum við fund 17. nóvember 2022*

Fagráðið hvetur sveitarfélögin og stóra úrgangshafa á Norðurlandi eystra til að vinna að því í sameiningu að Líforkuverið, eða sambærileg lausn fyrir lífrænan úrgang, verði að veruleika. Ráðið fagnar því að verkefnastjóri hafi verið ráðinn í verkefnið, en leggur áherslu á að ábyrgðin á framhaldi þess er fyrst og fremst á borði sveitarfélaga og úrgangshafa. Fyrir liggja miklar breytingar á úrgangslöggjöf sem taka gildi 1. janúar n.k., og þar ber einna hæst bann við urðun á lífrænum úrgangi. Lífrænn úrgangur er auðlind sem úr má vinna bæði eldsneyti og áburð, sem seljast dýru verði þessa dagana. Fyrirséð er að reglur um meðferð lífræns úrgangs munu herðast, og nú liggja fyrir breytingar á Evrópulöggjöf um meðferð á

fráveituvatni ([https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/QANDA\\_22\\_6281](https://ec.europa.eu/commission/presscorner/detail/en/QANDA_22_6281)). Brýnt er að við verðum í stakk búin til að fullnýta þau verðmæti sem felast í öllum lífrænum hráefnisstraumum. Sveitarfélög eru skyldug til að veita þjónustu um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs, og skulu að innheimta gjöld í hlutfalli við þann kostnað sem af hlýst. Þrátt fyrir þetta eru úrgangsmál víða baggi á sveitarfélögum. Í Líforkuveri, má vinna verðmæti úr lífrænum úrgangi, og með sölu á afurðum gæti Líforkuver skilað eigendum sínum tekjum, en sá möguleiki er ekki fyrir hendi í dag. Þá hvetur fagraðið til þess að skýrsla SSNE um Líforkuver, verði öllum opin og aðgengileg, því þessi mál eru sannarlega í deiglu þessi misserin.

### 3. Tillögur að áhersluverkefnum næsta árs, umræður og forgangsröðun.

Eftirfarandi eru tillögur fagraðs umhverfismála að áhersluverkefnum komandi árs.

1. *Eftirfylgd spretthópavinnu* – 15 MISK – Að haldið verði áfram með vinnu í kjölfar spretthópanna og sveitarfélögin verði aðstoðuð við að hrinda verkefnum í framkvæmd. Gríðarlega mikilvægt er að byggja áfram á þeirri vinnu sem þegar er komin í gang.
2. *Svæðisáætlun í umhverfis- og loftslagsmálum* – 10 MISK – Að unnin verði heildstæð svæðisáætlun í umhverfismálum, sem tekur til orkuskipta, landnýtingar, og auðlindamála (úrgangsmála). Stefna af þessu tagi yrði mikill akkur fyrir sveitarfélögin á svæðinu, en mikilvægt er að aðgerðir í þessum ólíku flokkum spili saman.
3. *Fræðslumál í umhverfis og loftslagsmálum* – 4 MISK – Að útbúið verði námskeið og námsefni í þessum málaflokki sérstaklega fyrir sveitarstjórnarfólk.
4. *Sókn í umhverfissjóði á NA-landi* – 2 MISK – Að sveitarfélög (og jafnvel fyrirtæki) verði aðstoðuð við að sækja fé í innlenda sjóði tengda umhverfismálum. Þetta er aðgerð sem getur hæglega haft mikil margfeldisáhrif, því það fé sem sett er í þetta getur skilað sér margfalt til baka.
5. *Græn skref sveitarfélaga* – 3 MISK – Að stofnanir sveitarfélaga á NA-landi taki upp Græn skref í sínu umhverfisstarfi, og að rammi verði mótaður fyrir innleiðingu þeirra og að þau fái stuðning við það verkefni. Allar stofnanir ríkisins hafa hafið vinnu eða innleitt Græn skref í sínu starfi. Þarna er kerfi sem reynsla er komin á og tilvalið að það verði líka nýtt í starfi sveitarfélaganna.
6. *Stoppum í hleðslugötin* – 3 MISK – Að gerð verði greining á hvar vantar hraðhleðslustöðvar á NA-landi, t.d. í samvinnu við RARIK, og unnið verði að því ekki verði meira en 100 km á milli hraðhleðslustöðva á helstu leiðum innan svæðisins.
7. *Endurheimt votlendis í landi sveitarfélaga* – 2 MISK – Að fylgt verði eftir greiningarvinnu sem þegar er lokið, og sveitarfélög verði aðstoðuð við að endurheimta votlendi á landi í þeirra eigu, þar sem það er hægt. Þetta er skv. Hagfræðistofnun HÍ hagkvæmasta og áhrifaríkasta aðgerðin í loftslagsmálum.
8. *Heildstæð nálgun á landnýtingu* – 10 MISK – Losun frá landi telur nálægt 70% af heildarkolefnisspori Íslands. Norðurland eystra er þar ekki undanskilið, og mestu tækifærin um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda er í þessum málaflokki. Málefni landnýtingar í samhengi umhverfis- og loftslagsmála eru afar flókin. Að þeim koma margar stofnanir, sveitarfélög, landeigendur, bændur og fleiri hópar. Þessir aðilar hafa oft ólíka sýn á hvernig best er að nýta land, og ráða umhverfissjónarmið oft þar minnstu um. Víða í stjórnkerfinu, og þekkingarsamfélaginu er mikil þekking, t.d. í gagnagrunnum sem geyma landupplýsingar um ástand lands, en samtal milli hópa er enn takmarkað. Í þessu

verkefni er markmiðið að greina þær hindranir og möguleika til þess að einfalda ferla, og ná sátt um stefnu í landnytingu á Norðurlandi eystra.

9. *Álagstoppur í raforkukerfinu með orkuskiptum* – 8 MISK – Rafvæðing fólksbílaflotans gengur með ágætum. Nú er farið að bera á orkuskiptum í öðrum geirum þar sem stærri og orkufrekari tæki á borð við rútur, flutningabíla, skip og báta eiga í hlut. Það er ekki seinna vænna því stjórnvöld stefna á að Ísland verði jarðfnaeldsneytislaut fyrir árið 2040. Fyrstu raftrukkarnir sem hafa drægi til að aka milli Akureyrar og Reykjavíku munu koma til landsins strax á næsta ári, og víða um land er kominn gangur í rafvæðingu hafna, sérílagi landtengingar fyrir minni skip. Aflþörf þessara farartækja við hleðslu eða landtenginga mun hlaupa á megavöttum (MW), og ef mörg slík tæki þarf að hlaða í senn, getur það haft í för með sér mikið staðbundið álag á raforkukerfin. Með þessu verkefni viljum við horfa til framtíðar og leggja til hvernig má anna má þessum fyrirséðu áskorunum sem orkuskiptin hafa óumflýjanlega í för með sér á Norðurlandi eystra.
10. *Rafvæðing Demantshringisins* – 6 MISK – Ferðaþjónustan er einn stærsti hagnunaðilinn á Norðurlandi eystra þegar kemur að rafvæðingu bíla og rútuflota á svæðinu. Aukin þátttaka bílaleiga í innkaupum á rafbílum til landsins er stærsti einstaki áhrifaþátturinn í rafvæðingu fólksbílaflotans, enda standa þær fyrir um 50% nýskráninga bíla á landsvísu. Ein helsta hindrun bílaleiga í auknum rafbíla kaupum eru innviðir, og sérílagi aðgengi að hleðsluinnviðum. Hér á Norðurlandi eystra væri rafvæðing Demantshringisins og uppbygging hleðsluinnviða fyrir fólksbíla þjóðþrifaverk fyrir framgang orkuskipta á svæðinu. Með þessu áhersluverkefni, viljum við draga að borðinu alla þá aðila sem þarf til að hraða þessu ferli og koma því til framkvæmda.

#### **4. Tímasetning næsta fundar.**

Tímasetning næsta fundar var stuttlega rædd, og er ráðgert að sá fundur fari fram 13. febrúar.

#### **5. Önnur mál.**

##### *a. Ályktun og hvatning um loftslagsstefnur og aðgerðaáætlun.*

Fagráð umhverfismála brýnir öll sveitarfélög á starfsvæði SSNE til þess að setja sér loftslagsstefnu og aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, líkt og kveðið er á um í lögum nr. 70/2012. Enn vantar talsvert uppá að sveitarfélög svæðisins sinni þessari lagalegu skyldu sinni. Ísland stefnir á kolefnishlutleysi 2040, og markmið um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrri 2030, munu krefjast æði víðtækra aðgerða. Þetta er sameiginlegt verkefni okkar allra og betra er að byrja fyrr en síðar svo árangur náist.